

Reglugjörð

15
7. mars

um breyting á reglugjörð 30. nóv. 1908, um eldvarna- og slökkvilið á Akureyri.

15. gr. orðist þannig:

Reglugjörð þessa skal endurskoða fyrir 1. janúar 1916.

Framanskráð reglugjörð, sem samin er og samþykkt af bæjarstjórn Akureyrarkaupstaðar, staðfestist hjér með samkvæmt lögum nr. 42, 20. okt. 1905, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Í stjórnarráði Íslands, 7. mars 1913.

H. Hafstein.

Jón Hermannsson.

Endurskoðuð reglugjörð

16
13. mars

um vatnsveitu í ytri hluta Akureyrarkaupstaðar (Oddeyri).

1. gr.

Samkvæmt lögum nr. 83, 22. nóvember 1907, um viðauka við lög um bæjarstjórn í Akureyrarkaupstað 8. okt. 1883, tekur bæjarstjórn Akureyrarkaupstaðar að sjer vatnsveituna í ytri hluta kaupstaðarins, og hefir bæjarstjórnin á hendi alla stjórn og umráð vatnsveitunnar.

2. gr.

Öll framkvæmdarstörf, er vatnsveituna snerta, felur bæjarstjórnin þriggja manna nefnd, er hún kys til þriggja ára í senn, og skulu að minsta kosti 2 bæjarfulltrúar eiga sæti í nefndinni.

16 Kosning nefndarmanna fer fram á næsta fundi eftir kosning til bæjar-
13. mars stjórnar, fyrsta sinn í ársbyrjun 1911.

3. gr.

Fyrir 15. febrúar ár hvert semur vatnsveitunefndin, ásamt 2 mönnum, er notendur vatnsveitunnar kjósa til þriggja ára í senn, áætlun um gjöld vatnsveitunnar hið yfirstandandi ár, og jafnar um leið ásamt hinum kjörnu mönnum, gjöld um vatnsveitunnar niður á notendur.

Notendur teljast allir eigendur að húsunum, er þann 19. september 1910 höfðu vatnsveitupípur frá aðalæð vatnsveitunnar, svo og þeim húsum, er pípur síðar hafa verið lagðar inn í.

4. gr.

Niðurfjöfnun gjaldsins skal haga þannig, að lagður sje vatnsskattur á þá menn, er til heimilis eru í hinum gjaldskyldu húsum, alt að kr. 1.50 á hvern mann, eftir nánari ákvörðun vatnsveitunefndar í hvert sinn. Ennfremur skal leggja hundraðsgjald á virðingarverð húseigna, og má leggja viðaukagjald á húseignir, þar sem einhver sú atvinna er rekin, er telja má afnotafreka á vatn.

Nú vill einhver hafa krana utanhúss, eða nota krana vatnsveitunnar til þess að vökva blómreiti, garða, tún, eða þess háttar, og getur nefndin leyft það gegn ákveðnu árgjaldi.

5. gr.

Skrá yfir niðurfjöfnun á vatnsskatti, ásamt gjaldaáætlun, skal lögð fram til sýnis í síðasta lagi 15. febr. ár hvert. Kærur yfir áætluninni eða niðurfjöfnun skattsins skulu sendar bæjarstjórn áður en liðnir eru 8 dagar frá framlagning skrárinnar. Bæjarstjórnin úrskurðar hinar framkomnu kærur áður liðnir eru 14 dagar frá því er kærufrestur var á enda.

6. gr.

Gjalddagi á vatnsskatti skal vera 1. apríl og 1. október ár hvert, og greiðist helmingur skattsins á hvorum gjalddaga um sig.

Húseigendur greiða skattinn hver fyrir sína húseign og leigjendur í gjalddaga.

7. gr.

Vatnsskatt eftir þessari reglugjörð má taka lögtaki; svo er nefndinni og

heimilt að teppa aðrás vatnsins í þau hús, er eigi er greiddur af vatnsskattur í **16**
 gjalddaga, til þess er vatnsskatturinn er greiddur. 13. mars

Reglugjörð þessa skal endurskoða jafnskjótt og verulegar breytingar verða
 gerðar á vatnsveitunni.

Reglugjörð þessi, sem bæjarstjórn Akureyrarkaupstaðar hefir samið og
 samþykkt, staðfestist hjermeð samkvæmt framangreindum lögum 22. nóvember 1907.

Í stjórnarráði Íslands, 13. mars 1913.

H. Hafstein.

Jón Hermannsson.

Reglugjörð

17

13. mars

fyrir eldvarna- og slökkvilið í kaupúninu Keflavík.

1. gr.

Yfirstjórn brunamála í kaupúninu skal falin 3 manna nefnd og eiga sæti
 í henni hreppstjórnin, sem formaður, slökkviliðsstjóri og 1 maður, sem hrepps
 nefndin kys til 3 ára í senn.

2. gr.

Brunamálanefnd skal hafa eftirlit með, að hlýtt sje fyrirmælum laganna
 um varnir gegn eldsvoða, og að eldvarnaráhöld sjeu útveguð og þeim haldið við
 í góðu standi. Hún skipar fyrir um hið árlega eftirlit með eldstæðum, og hreins-
 un reykháfa, og um varúð alla, er hafa skal í húsum til að fyrirbyggja elds-
 uppkomu.

3. gr.

Eldvarna- og slökkvilið skiftist í þessa flokka:

- I. Slökkvilið, er skiftist í:
 - a. Slökkvívjelalið.
 - b. Vatnsburðarlið.